

Magn jarðhitavatns frá Hellisheiðarvirkjun 2007 – 2017 eftir losunarleiðum

Þar til í september 2011 var stærstum hluta jarðhitavatnsins dælt niður í holur við Gráuhnúka. Jarðhitavatn jókst frá virkjuninni þegar Sleggjan var gangsett haustið 2011 en þá var niðurdælingarsvæðið við Húsmúla tekið í fullan rekstur. Síðan þá hefur jarðhitavatn aukist frá virkjuninni. Niðurdæling í aflagðar vinnsluholur innan vinnslusvæðis hófst árið 2014 og í borholur í Þrengslum árið 2016. Mjög dró úr losun jarðhitavatns á yfirborð um yfirfall síðla árs 2011 með endurbótum í rekstri virkjunarinnar en hún jókst á ný um mitt ár 2014 með dvínandi viðtöku niðurdælingarsvæða.

